



Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

## Skýrsla til borgarstjórnar

September 2021

## EFNISYFIRLIT

1. NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR .....	2
2. UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR .....	2
3. ENDURSKOÐUNARNEFND REYKJAVÍKURBORGAR .....	3
3.1. STÖRF NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU .....	3
3.1.1. HELSTU VERKEFNI FYRIR A HLUTA OG SAMSTÆÐU REYKJAVÍKURBORGAR .....	4
3.1.2. HELSTU VERKEFNI FYRIR HVERT B HLUTA FÉLAG .....	4
3.1.3. HELSTU UMFJÖLLUNAREFNI .....	5
3.2. YTRI ENDURSKOÐUN .....	5
3.2.1. EFTIRLIT MEÐ YTRI ENDURSKOÐUN .....	5
3.2.2. ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR YTRI ENDURSKOÐENDA .....	6
3.2.3. ÓHÆÐI YTRI ENDURSKOÐENDA .....	7
3.3. INNRI ENDURSKOÐUN .....	7
4. INNRA EFTIRLIT .....	9
5. ÁHÆTTUSTÝRING .....	10
6. UM ÁRSREIKNING REYKJAVÍKURBORGAR 2020 .....	10
6.1. VINNUFERLI VIÐ GERÐ REIKNINGSSKILA .....	10
6.2. UMSÖGN UM ÁRSREIKNING .....	11
7. SJÁLFSMAT .....	11
8. ÖNNUR MÁL .....	12
9. NIÐURLAG .....	13

## 1. NEFNDIN OG SKIPAN HENNAR

Á fundi borgarstjórnar þann 4. september 2018 var endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar kjörin til fjögurra ára. Nefndina skipa;

- Lárus Finnbogason, formaður
- Einar Sveinn Hálfðánarson
- Sigrún Guðmundsdóttir
- Sunna Jóhannsdóttir

Varamenn eru;

- Danielle Pamela Neben
- Diljá Mist Einarsdóttir
- Ólafur Kristinsson

## 2. UM ENDURSKOÐUNARNEFNDIR

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd borgarstjórnar og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti í málum er snúa að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga. Fram kemur í lögnum að við einingar tengdar almannahagsmunum skuli starfa endurskoðunarnefnd og skuli nefndarmenn vera óháðir endurskoðendum einingarinnar. Þá skal meirihluti nefndarmanna jafnframt vera óháður einingunni. Gerð er sú krafa að nefndarmenn hafi þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis.

Endurskoðunarnefndir eru mikilvægar við stjórnun og eftirlit fyrirtækja og félaga, hvort sem um er að ræða einka- eða opinberan rekstur. Þær gegna lykilhlutverki við að aðstoða stjórnendur við að uppfylla eftirlitsskyldur sínar við reikningsskil, innra eftirlit, áhættustýringu, innri og ytri endurskoðun og eftirlit þeirra með að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur. Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland hafa gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa – febrúar 2021) þar sem fjallað er um hlutverk og verkefni endurskoðunarnefnda. Samkvæmt leiðbeiningunum skal endurskoðunarnefnd fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Þá skal nefndin yfirfara að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur rekstrareiningar séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu hennar á hverjum tíma.

### 3. ENDURSKOÐUNARNEFND REYKJAVÍKURBORGAR

Auk þeirra ákvæða sem fram koma í lögum um ársreikninga og leiðbeiningum um stjórnarhætti starfar nefndin eftir samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 10. júlí 2014. Í samþykktinni kemur fram að Reykjavíkurborg telst eining tengd almannahagsmunum í skilningi 1. gr. laga nr. 79/2008 og beri því að skipa endurskoðunarnefnd. Dótturfélög Reykjavíkurborgar (B hluti) teljast einingar innan samstæðu Reykjavíkurborgar í merkingu ársreikningalaga og skipar borgarstjórn endurskoðunarnefnd fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem eru yfirfarnar árlega, en núgildandi starfsreglur hafa verið óbreyttar síðan í september 2017.

Samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur ekki verið yfirfarin og uppfærð til samræmis við ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019. Þá hefur hún heldur ekki verið yfirfarin með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 frá 16. apríl 2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum sem tengjast almannahagsmunum og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/909/EB. Ákvæði reglugerðarinnar hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102, frá 27. apríl 2018, sbr. 42. gr. laga 94/2019. Endurskoðunarnefnd beinir því til borgarstjórnar að brýnt sé að yfirfara samþykkt nefndarinnar hið fyrsta í ljósi framangreinds.

Endurskoðunarnefnd mun yfirfara starfsreglur sínar með hliðsjón af endurskoðaðri samþykkt.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er því einnig endurskoðunarnefnd þeirra félaga sem mynda samstæðu Reykjavíkurborgar, sem felur í sér að;

- samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd gildir fyrir allar einingar innan samstæðunnar.
- starfsreglur endurskoðunarnefndar ná til allra verkefna sem nefndin annast fyrir hverja einingu innan samstæðunnar.
- til staðar er samkomulag um samstarf við stjórn hvers félags, nema við Orkuveitu Reykjavíkur en þar er í sameignarsamningi kveðið á um fyrirkomulag endurskoðunarnefndar.

#### 3.1. STÖRF NEFNDARINNAR Á STARFSÁRINU

Í starfsreglum endurskoðunarnefndar kemur fram að starfsár hennar nái yfir tímabilið ágúst til júní ár hvert. Nefndin hélt 28 fundi á starfsárinu og fékk til sín á fundina fjölmarga einstaklinga sem tengdust því efni er var til umfjöllunar hverju sinni.

Stjórnendur einstakra B hluta félaga tóku sæti á mörgum þessara funda þegar málefni viðkomandi félaga voru til umfjöllunar. Nefndin fundaði auk þess sérstaklega með stjórnnum og stjórnendum einstakra B hluta félaga og voru þeir fundir alls 23 á tímabilinu.

Formaður endurskoðunarnefndar tók sæti á sex fundum borgarráðs á starfsárinu þar sem til umfjöllunar voru:

- Árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020
- Skýrsla Innri endurskoðunar og ráðgjafar vegna öryggisbrests
- Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar starfsárið 2020-2021
- Árshlutareikningur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2020
- Ársreikningur 2020 – Tekinn fyrir á tveimur fundum borgarráðs

Formaður nefndarinnar fundaði auk þess reglulega með formanni borgarráðs og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Náið og gott samstarf er með endurskoðunarnefndinni og Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar, en líkt og fram kemur í samþykkt fyrir endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar þá leggur Innri endurskoðun og ráðgjöf nefndinni til fundarritara.

Allir fundir nefndarinnar á starfsárinu fóru fram um fjarfundabúnað og einungis vinnufundur nefndarinnar í júní sl. var staðfundur.

Á starfsárinu skilaði nefndin af sér umsögnum sem voru einkum um árs- og árshlutareikninga Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna og um skýrslur frá Innri endurskoðun og ráðgjöf sem nefndin fékk til umfjöllunar.

### **3.1.1. HELSTU VERKEFNI FYRIR A HLUTA OG SAMSTÆÐU REYKJAVÍKURBORGAR**

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi:

- Ytri endurskoðendur
  - Öflun upplýsinga og gagna til staðfestingar á óhæði endurskoðunarfyrtækis og einstakra einstaklinga í endurskoðunarteyminu áður en endurskoðun hófst
  - Yfirferð á endurskoðunaráætlun við upphaf endurskoðunar
  - Fundahöld og önnur samskipti þegar unnið var að endurskoðun ársreiknings
  - Yfirferð á skýrslum við lok endurskoðunar og fundahöld því tengd
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda vegna ársreiknings 2019
- Umsagnir um árs- og árshlutareikninga Reykjavíkurborgar
- Verkefnaáætlun Innri endurskoðunar og ráðgjafar – fylgst með framgangi verkefna
- Umsagnir og umfjallanir um skýrslur Innri endurskoðunar og ráðgjafar

### **3.1.2. HELSTU VERKEFNI FYRIR HVERT B HLUTA FÉLAG**

Helstu verkefni endurskoðunarnefndar fyrir hvert B hluta félag eru eftirfarandi:

- Ytri endurskoðendur
  - Öflun upplýsinga og gagna til staðfestingar á óhæði endurskoðunarfyrtækis og einstakra einstaklinga í endurskoðunarteyminu áður en endurskoðun hófst
  - Yfirferð á endurskoðunaráætlun við upphaf endurskoðunar
  - Fundahöld og önnur samskipti þegar unnið var að endurskoðun ársreiknings
  - Yfirferð á skýrslum við lok endurskoðunar og fundahöld því tengd
- Eftirfylgni með ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda vegna ársreiknings 2019
- Umsagnir um árs- og árshlutareikninga einstakra félaga
- Reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða
- Verkefnaáætlun innri endurskoðunar – fylgst með framgangi verkefna
- Umfjöllun um skýrslur innri endurskoðunar
- Önnur tilfallandi verkefni

### 3.1.3. HELSTU UMFJÖLLUNAREFNI

Fjöldmörg erindi hafa verið til umfjöllunar hjá nefndinni á starfsárinu og flest eru þau á sviði innra eftirlits og innri og ytri endurskoðunar. Til þess að gefa nokkra innsýn í verkefnið hefur nefndin tekið saman nokkur helstu umfjöllunarefni hennar á fundum og greinast þau með eftirfarandi hætti:

Starfsárið 2020 - 2021	Reikningsskil / Ytri endurskoðun	Innri endurskoðun	Annað
A hluti & samstæða	28	9	3
B hluti			
Orkuveita Reykjavíkur	14	2	4
Strætó	7	8	-
Félagsbústaðir	15	2	-
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	6	1	-
Sorpa	7	6	
Faxaflóahafnir	6	1	
Malbikunarstöðin Höfði hf.	6	1	-
Annað	-	-	12
Alls	89	30	19

## 3.2. YTRI ENDURSKOÐUN

Í 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 kemur fram að sveitarstjórn skuli ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skuli endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðunin skal fara eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Í 3. mgr. 72. greinar laganna er kveðið á um að endurskoðandi sveitarfélags skuli jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnslá sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

### 3.2.1. EFTIRLIT MEÐ YTRI ENDURSKOÐUN

Eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings A-hluta og einstakra félaga innan samstæðu Reykjavíkurborgar.

Útboð á endurskoðunarþjónustu fyrir reikningsárin 2018 – 2022 fór fram í september 2017 og í kjölfar þess var gengið til samninga við Grant Thornton endurskoðun ehf. Samningur um endurskoðunarþjónustu á milli Reykjavíkurborgar og þeirra félaga sem mynda samstæðu Reykjavíkurborgar og Grant Thornton endurskoðunar ehf. var undirritaður þann 11. júlí 2018.

Nefndin hélt á starfsárinu marga fundi með ytri endurskoðendum, auk annarra óformlegra samskipta.

Á fundi 5. október 2020 lögðu endurskoðendurnir fram staðfestingu á óhæði sínu og greindu nefndinni frá þeirri þjónustu sem þeir höfðu veitt auk endurskoðunar. Einnig greindu þeir frá hugsanlegri ógnun við óhæði sitt, sbr. ákvæði 29. gr. laga um endurskoðendur og endurskoðun.

Á fundum þann 14. og 19. október 2020 kynntu ytri endurskoðendur áætlun sína um endurskoðun ársreiknings 2020 fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar, A hluta og einstök félög innan samstæðunnar. Á fundunum var farið yfir áhættumat endurskoðendanna á einstökum liðum reikningskilanna og fyrir reikningskilin í heild sinni, mikilvægismörk og helstu endurskoðunaraðgerðir sem þeir áformuðu. Til viðbótar hefðbundnum verulegum áhættuþáttum, þ.e. tekjum og sviksemisáhættu stjórnenda, áformuðu endurskoðendurnir varðandi A hluta að leggja sérstaka áherslu á varanlega rekstrarfjármuni og langtímakröfur. Áhrif af COVID19 faraldrinum var sérstakt áhersluatriði í A og B hluta. Sem dæmi um sérstök áhersluatriði endurskoðendanna hjá B hluta var mat fjárfestingaeigna í ársreikningi Félagsbústaða hf. og varanlegir rekstrarfjármunir, áhættuvarnarsamningar og innbyggð afleiða í raforkusölusamningum hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef. Nefndin gerði endurskoðendunum grein fyrir því sem hún mat mikilvægustu og áhættusömustu þætti í reikningsskilunum. Nefndin lagði á það áherslu að endurskoðendurnir upplýstu nefndina tafarlaust ef upp kæmu einhver álitamál við endurskoðunina.

Á fundi þann 28. janúar 2021 var farið yfir stöðu endurskoðunar og tímaáætlun. Á fundinum var rætt um framgang endurskoðunar og helstu endurskoðunaraðgerðir sem kynntar höfðu verið og óskað upplýsinga um helstu álitæfni sem upp hefðu komið ef um slíkt væri að ræða.

Á fundum þann 24. febrúar, 3. mars, 16. mars, og 29. mars 2021 fundaði nefndin með ytri endurskoðendum og stjórnendum einstakra B hluta félaga og fór yfir drög að ársreikningum þeirra og endurskoðunarskýrslur.

Á fundi þann 26. apríl fundaði nefndin með endurskoðendunum og fór yfir niðurstöður endurskoðunar ársreiknings A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. Á fundinum lögðu þeir einnig fram staðfestingu á óhæði sínu.

Nefndin átti á starfsárinu gott samstarf við ytri endurskoðendur. Þá er það mat nefndarinnar að vel hafi verið staðið að endurskoðun ársreiknings A hluta, samstæðu Reykjavíkurborgar og einstakra B hluta félaga.

### **3.2.2. ÁBENDINGAR OG ATHUGASEMDIR YTRI ENDURSKOÐENDA**

Ytri endurskoðendur hafa komið á framfæri athugasemdum sínum við endurskoðunarnefnd, stjórnir og stjórnendur einstakra B hluta félaga í endurskoðunarskýrslum. Þeir hafa auk þess, hjá nokkrum félögum, komið með ábendingar til stjórnenda í sérstökum skýrslum. Nefndin hefur í öllum tilvikum farið yfir athugasemdir og ábendingar endurskoðendanna.

Nefndin kannaði í desember 2020 hvort brugðist hefði verið við athugasemdum og ábendingum ytri endurskoðenda vegna endurskoðunar ársreiknings 2019. Sú könnun bendir ekki til annars en að ýmist hafi verið brugðist við athugasemdunum eða að unnið sé að úrbótum. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess að brugðist sé fljótt við ábendingum og athugasemdum ytri endurskoðenda.

Það er viðvarandi áhersluatriði nefndarinnar að fylgjast með því að skipulega og tímanlega sé brugðist við þeim ábendingum sem fram koma hjá ytri endurskoðendum. Þá mun nefndin áfram leggja á það áherslu við ytri endurskoðendur að þeir veiti borgarstjórn ítarlegar upplýsingar um niðurstöður könnunar sinnar á því hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar

ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

### 3.2.3. ÓHÆÐI YTRI ENDURSKOÐENDA

Það er í þágu almannaheilla að meðlimir endurskoðunarteymis og endurskoðunarfyrirtækið sé óháð viðskiptamanninum sem er í endurskoðun. Í siðareglum endurskoðenda (gr. 290.6) segir að óhæði feli í sér:

- „(a) Óhæði í reynd: Hugarástand sem gerir kleift að látið sé í ljós álit án þess að hafa orðið fyrir áhrifum sem stofna faglegu mati í hættu og gerir því einstaklingi kleift að starfa af heilindum og beita hlutlægni og faglegru dómgreind.
- (b) Óhæði í ásýnd: Forðast tengsl og aðstæður sem hafa svo mikla þýðingu að óvilhallur og upplýstur þriðji aðili væri líklegur til að álykta, á grundvelli allra staðreynda og aðstæðna, að heilindum, hlutlægni eða faglegru tortryggni, fyrirtækis eða meðlims endurskoðunarteymis hafi verið stefnt í hættu.“

Það er eitt af lögbundnum verkefnum endurskoðunarnefnda að meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum þeirra. Nefndin vann þessi verkefni með þeim hætti;

- að óska eftir staðfestingu á óhæði endurskoðunarfélagsins og einstakra meðlima í endurskoðunarteyminu við upphaf endurskoðunar á ársreikningum Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna.
- að samþykkja fyrirfram beiðnir um kaup á annarri þjónustu en þeirri sem kveðið er á um í verksamningi við ytri endurskoðendur.

Nefndin óskaði eftir yfirliti yfir útgefna reikninga ytri endurskoðenda á starfsárinu og afritum af völdum reikningum. Útgefnir reikningar fyrir endurskoðun skv. tilboði voru 94,2% af heild, en reikningar vegna þjónustu utan tilboðs voru 5,8%.

Það er mat endurskoðunarnefndar að ytri endurskoðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf., þ.e. endurskoðunarfélagið og þeir starfsmenn sem unnu að endurskoðuninni, hafi verið óháðir í störfum sínum sem og að sú viðbótarþjónusta sem veitt var hafi ekki raskað óhæði þeirra.

## 3.3. INNRI ENDURSKOÐUN

Meðal hlutverka endurskoðunarnefndar er að hafa eftirlit með störfum innri endurskoðenda. Í því sambandi fer nefndin yfir og samþykkir innri endurskoðunaráætlanir og fær kynningu á framvindu verkefnanna.

Í febrúar 2020 samþykkti borgarráð að sameina á einum stað starfsemi eftirlitseininga borgarinnar með það að markmiði að einfalda og um leið styrkja starfsemi og skipulag þeirra aðila sem sinna eftirliti með starfsemi og stjórnslu Reykjavíkurborgar og tóku breytingarnar gildi 1. júlí 2020. Í samþykkt borgarráðs fólst að sameina, undir stjórn og á ábyrgð innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, starfsemi umboðsmanns borgarbúa og starf persónuverndarfulltrúa borgarinnar. Á fundi nefndarinnar þann 17. maí 2021 var samþykkt nýtt heiti Innri endurskoðunar og fékk hún heitið Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar. Nokkuð óþjálmt heiti en lýsandi um hlutverk og verkefni einingarinnar. Um sama leyti var sett í loftið ný



heimasíða fyrir Innri endurskoðun og ráðgjöf sem sameinar ítarlega umfjöllun um verksvið og hlutverk sameinaðra eftirlitseininga. Á heimasíðunni er unnt að hafa samband beint með kvörtun eða erindi og jafnframt er hægt að koma á framfæri uppljóstrun eða nafnlausri tilkynningu um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi borgarinnar. Það verður hlutverk endurskoðunarnefndar að fylgjast með framgangi mála hjá Innri endurskoðun og ráðgjöf á því sviði í framtíðinni. Að mati endurskoðunarnefndar skapar sá möguleiki að setja fram uppljóstranir með þeirri vernd er ný löggjöf kveður á um og með þeim örugga hætti sem að framan greinir gagnsærri stjórnsýslu sem miðar að því að takast á við hvers kyns brotalamir sem upp kunna að koma.

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar og innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er ábyrgur fyrir rekstri og vöktunarhlutverki Innri endurskoðunar og ráðgjafar gagnvart borgarráði, endurskoðunarnefnd, stjórnarformönnum B hluta fyrirtækja og stjórnnum þeirra. Innri endurskoðandi leggur áhættugrunndaða innri endurskoðunaráætlun fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og til kynningar í borgarráði og fyrir stjórnendum. Endurskoðunaráætlanir fyrir B hluta fyrirtækis eru lagðar fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi fyrirtækis til samþykktar.

Endurskoðunarnefnd samþykkti tveggja ára innri endurskoðunaráætlun fyrir úttektir innan A hluta Reykjavíkurborgar í nóvember 2017 og var á starfsárinu unnið eftir þeirri áætlun. Áætlunin var unnin í samráði við endurskoðunarnefnd, ytri endurskoðendur og æðstu stjórnendur borgarinnar. Vegna ófyrirséðra atburða og sameiningar eftirlitseininga er enn unnið eftir þeirri áætlun en ráðgert er að leggja fram nýja verkefnisáætlun fyrir innri endurskoðunarverkefni hjá A hluta borgarinnar í byrjun árs 2022.

Á starfsárinu afgreiddi endurskoðunarnefnd innri endurskoðunaráætlanir fyrir:

- Orkuveitu Reykjavíkur sef. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 19. október 2020. Áætlun fyrir tímabilið 1. desember 2020 – 1. september 2022. Innri endurskoðandi er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.
- Félagsbústaðir hf. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 15. febrúar 2021. Áætlun fyrir tímabilið 1. mars 2021 – 31. desember 2022. Innri endurskoðandi er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.
- Sorpa bs. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 14. desember 2020. Áætlun fyrir tímabilið 1. janúar 2020 – 31. desember 2020. Innri endurskoðandi er PricewaterhouseCoopers ehf.
- Strætó bs. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 31. maí 2021. Áætlun fyrir tímabilið 1. janúar 2021 – 31. desember 2021. Innri endurskoðandi er Deloitte ehf.
- Faxaflóahafnir sf. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 14. desember 2020. Áætlun fyrir tímabilið 1. janúar 2021 – 30. september 2022. Innri endurskoðandi er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.
- Malbikunarstöðin Höfði hf. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 14. desember 2020. Áætlun fyrir tímabilið 1. janúar 2021 – 30. september 2022. Innri endurskoðandi er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.
- Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins bs. Áætlun samþykkt á fundi nefndarinnar 15. febrúar 2021. Áætlun fyrir tímabilið 1. mars 2021 – 31. desember 2022. Innri endurskoðandi er Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar.

Endurskoðunarnefnd vísaði þessum áætlunum til stjórna félaganna þar sem þær hafa verið samþykktar og vinnur Innri endurskoðun og ráðgjöf nú að úttektarverkefnum í samræmi við þær.

Endurskoðunarnefnd vekur athygli á því að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar tekst á hverju ári á hendur ýmis ófyrirséð verkefni utan áætlunar en slíkt hefur óhjákvæmilega áhrif á framgang samþykkrar endurskoðunaráætlunar.

Endurskoðunarnefndin hefur átt mjög góð samskipti við Innri endurskoðun og ráðgjöf á liðnu starfsári og við innri endurskoðendur byggðasamlaganna Strætó bs. og Sorpu bs. Nefndin telur þó ástæðu til að benda á að reynslan sýnir að þótt fagleg nálgun á viðfangsefnum innri endurskoðenda sé sú sama er verulegur munur á því með hvaða hætti niðurstöður eru settar fram og kynntar fyrir stjórn, endurskoðunarnefnd og stjórnendum. Að mati nefndarinnar er það ágalli fyrir kjörna fulltrúa, sem sitja í mörgum stjórnnum og af ýmsum öðrum ástæðum, að ekki sé gætt samræmis að þessu leyti innan samstæðu borgarinnar. Nefndin hvetur því til þess að borgarráð beiti sér fyrir því að Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar annist innri endurskoðun allra eininga innan samstæðunnar.

## 4. INNRA EFTIRLIT

Eitt af lögboðnum verkefnum endurskoðunarnefnda er að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits rekstrareiningar. Innra eftirlit er ferli sem er samofið reglulegri starfsemi einingarinnar og er tilgangur þess að greina og bregðast við áhættu. Í þessu felst m.a. að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt, skjalfest og að virkni þess sé sannreynd reglulega.

Ytri endurskoðendur prófa virkni innra eftirlits, leggja mat á það og ákveða endurskoðunaraðgerðir sínar m.a. út frá mati sínu á áreiðanleika innra eftirlits. Stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar er að prófa virkni innra eftirlits, sannreyna skipulag þess og kanna hvort veikleikar séu til staðar í innra eftirliti.

Skilgreina má innra eftirlit með ýmsum hætti en nærtæk og einföld skilgreining á innra eftirliti er í lögum um opinber fjármál nr. 123/2015, en í 65. gr. þeirra laga segir:

„Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.“

Til staðar er alþjóðlega viðurkenndur rammi um innra eftirlit, „COSO Internal Control – Integrated Framework“, en þar er innra eftirlit brotið niður í fimm meginþætti, sem eru:

- Eftirlitsumhverfi – (þar undir eru 5 þættir)
- Áhættumat – (þar undir eru 4 þættir)
- Eftirlitsaðgerðir – (þar undir eru 3 þættir)
- Upplýsingar og samskipti – (þar undir eru 3 þættir)
- Vöktun innra eftirlits – (þar undir eru 2 þættir)

Á undanförunum árum hafa, að beiðni endurskoðunarnefndar, verið gerðar úttektir á stöðu innra eftirlits með hliðsjón af COSO rammanum. Með úttektum Innri endurskoðunar og viðbrögðum stjórnenda við ábendingum sem þar hafa komið fram hefur mikið áunnist í því að byggja upp innra eftirlit innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum ramma.

## 5. ÁHÆTTUSTÝRING

Nefndin hefur í fyrri skýrslum bent á mikilvægi heildstæðrar áhættustýringar fyrir Reykjavíkurborg. Starfshópur um heildstæða áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg hóf störf í lok nóvember 2017 og skilaði af sér í júlí 2018. Endurskoðunarnefnd fékk kynningu á verkefninu og stöðu þess í janúar 2019. Með verkefnum starfshópsins voru stigin fyrstu skref í átt að heildstæðri áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg. Verkefni starfshópsins skiptust í tvo meginhluta; annars vegar mótun umgjörðar áhættustýringar, áhættustefnu og útfærslu á aðferðafræði og hins vegar innleiðingu áhættustýringar.

Fjármála- og áhættustýringarsvið kynnti fyrir nefndinni á fundi 2. nóvember 2020 drög að áhættustefnu A-hluta Reykjavíkurborgar. Nefndin bókaði af þessu tilefni: „Endurskoðunarnefnd fagnar því skrefi sem stigið er nú með drögum að áhættustefnu og styður þá tillögu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar að fara með stefnudrögin í kynningarferli hjá hagsmunaaðilum og stjórnendum.”

Nefndin fagnar þeim skrefum sem stigin hafa verið í þá átt að vinna heildstæða áhættustýringu og áréttar að verkefninu verði hraðað sem mest, en vekur jafnframt á því athygli að eðli þess er með þeim hætti að það mun verða í stöðugri vinnslu.

## 6. UM ÁRSREIKNING REYKJAVÍKURBORGAR 2020

### 6.1. VINNUFERLI VIÐ GERÐ REIKNINGSSKILA

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum eins og fram kemur í 4. gr. samþykktar fyrir nefndina. Nefndin lítur svo á að hér sé um að ræða eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila sem ætlað er að tryggja sem best áreiðanleika hvers konar fjárhagsupplýsinga sem lagðar eru fyrir borgarráð, borgarstjórn og stjórnir félaga innan samstæðu borgarinnar.

Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar kynnti fyrir nefndinni á fundi 16. nóvember 2020 niðurstöður úr eftirfylgniúttekt á uppgjörferli Reykjavíkurborgar.

Innri endurskoðun hefur á undanförunum árum gert nokkrar úttektir á uppgjörferli Reykjavíkurborgar.

Á árinu 2014 var gerð úttekt á uppgjörferlinu og voru í kjölfar þeirrar úttektar gerðar nítján ábendingar. Á árinu 2015 var gerð eftirfylgniúttekt og voru niðurstöður þeirrar úttektar að sex ábendingum var lokað, einni vísað til annarrar úttektar og tólf ábendingum ólokið. Á árinu 2018 var einnig gerð úttekt og eftirfylgniskoðun og eftir þá úttekt var átta ábendingum lokað, fjórar ítrekaðar og gefnar út sex nýjar ábendingar og voru því tíu ábendingar útistandandi eftir úttektina.

Niðurstöður úttektarinnar sem unnin var á árinu 2020 eru þær að af þeim tíu ábendingum sem voru útistandandi var níu lokað og ein útistandandi. Fram kom í úttektinni að unnið væri að úrbótum vegna þessarar einu ábendingar og er ábendingin flokkuð sem lítil áhætta, en hún varðar lánakerfi borgarinnar.

Nefndin fundaði margsinnis á starfsárinu með Fjármála- og áhættustýringarsviði (FAS) þegar unnið var að gerð árshlutareikninga og ársreiknings fyrir árið 2020 til þess að fara yfir vinnu við reikningsskilagerðina og álitaeftir tengd henni.

## 6.2. UMSÖGN UM ÁRSREIKNING

Endurskoðunarnefndin fékk kynningu FAS á drögum að ársreikningi Reykjavíkurborgar 2020 á fundi nefndarinnar þann 12. apríl sl. Í framhaldi af þeirri kynningu sendi nefndin umsögn til borgarráðs þar sem fram kemur að á grundvelli þeirra upplýsinga sem nefndin hefur fengið telji nefndin ekkert benda til annars en að ársreikningurinn sé fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Fulltrúar endurskoðunarnefndar áttu sérstaka fundi með stjórnendum og ytri endurskoðendum B hluta félaga innan samstæðu borgarinnar vegna ársreikninga fyrir árið 2020. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslur og ársreikninga þeirra og skilaði sérstakri umsögn um hvern þeirra og lagði fyrir stjórnir viðkomandi félaga. Nefndin fylgdi flestum umsögnum sínum eftir á þeim stjórnarfundum þar sem ársreikningarnir voru afgreiddir.

Í umsögn endurskoðunarnefndar um ársreikning Reykjavíkurborgar kemur fram;

- að nefndin leggi áherslu á að brugðist sé við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda og vinnu við þær verði lokið sem fyrst,
- að það sé eitt af áhersluatriðum nefndarinnar að fylgjast með á hvern hátt og hvenær stjórnendur Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna bregðist við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðendanna,
- að reikningsskil Reykjavíkurborgar hafi hlotið mikla og ítarlega umfjöllun innan nefndarinnar og þá einkum framsetning á samanteknum ársreikningi A og B hluta,
- að nefndin hafi fundað með Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga vegna ósamræmis í lögum og reglum um framsetningu á samstæðu- og/eða samanteknum ársreikningi og reikningsskilaaðferðum,
- að nefndin hafi óskað eftir og fengið greinargerð FAS vegna reikningsskila A og B hluta þar sem fram kom það mat sérfræðinga sviðsins að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir,
- að það sé álit ytri endurskoðenda Reykjavíkurborgar að ársreikningur gefi glögga mynd af stöðu og rekstri borgarinnar í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög,
- að í skýrslu borgarstjóra og borgarráðs komi fram það mat að fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar sé sterk og borgin hafi fjárhagslegan styrk til að taka á sig veruleg áföll vegna afleiðinga COVID-19 faraldursins.

## 7. SJÁLFSMAT

Nefndin hefur árlega framkvæmt sjálfsmat í samræmi við starfsreglur nefndarinnar. Markmið sjálfsmatsins er að efla og styrkja starf nefndarinnar með því að rýna eigin störf og stuðla að bættu verklagi eftir því sem kostur er. Eftirfarandi eru atriði sem nefndin telur ástæðu til að íhuga sérstaklega í kjölfar sjálfsmatsins:

- Mikil þróun hefur verið á undanförunum árum í ýmis konar sjálfvirknivæðingu eftirlits og samtímaeftirliti. Nefndin mun halda áfram að kynna sér hvernig slíku eftirliti er háttað hjá Reykjavíkurborg, bæði í A og B hluta, með það að markmiði að efla samtímaeftirlitsaðgerðir hjá borginni.

- Meðal verkefna nefndarinnar er að fylgjast með vinnuferli við gerð reikningsskila og annarra fjárhagslegra upplýsinga. Þá ber nefndinni að fylgjast með gerð fjárhagsáætlunar og afla sér upplýsinga um mikilvægar forsendur til grundvallar áætluninni. Nefndin hefur lagt megináherslu á að fylgjast með eftirliti með gerð ársreikninga fyrir A og B hluta en telur einnig rétt að beina sjónum sínum í auknum mæli að því að fylgjast með gerð árshlutareikninga og gerð fjárhagsáætlunar og viðauka.
- Í lögum um ársreikninga hafa verið gerðar auknar kröfur til ófjárhagslegra upplýsinga í reikningsskilum. Nefndin telur að auka þurfi ófjárhagslegar upplýsingar og gæði þeirra í reikningsskilum borgarinnar. Nefndin mun því fylgja eftir verklagi við gerð ófjárhagslegra upplýsinga í reikningsskilum A og B hluta á næsta starfsári sínu.
- Í janúar 2020 var Fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar falið að innleiða og koma í framkvæmd heildstæðri áhættustýringu hjá borginni. Á næsta starfsári nefndarinnar mun nefndin afla frekari upplýsinga um verkefnið og virkni áhættustýringar borgarinnar.
- Samhliða endurskoðun samþykktar fyrir nefndina þarf að endurskoða starfsreglur hennar auk þess sem skipulagsbreytingar innri endurskoðunar kalla á endurskoðun þeirra.

Nefndin hefur undanfarin ár framkvæmt viðhorfskönnun með spurningum sem lagðar eru fyrir hagsmunaaðila, en þar má nefna borgarstjórn, æðstu embættismenn borgarinnar og stjórnendur B hluta félaga. Nefndin telur að ekki sé ástæða til þess að framkvæma svona viðhorfskönnun árlega og var henni því sleppt að þessu sinni. Nefndin gerir ráð fyrir að framkvæma viðhorfskönnun við lok yfirstandandi starfsárs.

## 8. ÖNNUR MÁL

Þann 15. febrúar 2021 var gerð breyting á reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Breyting var gerð á 3. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar sem orðast nú svo: „Byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skulu færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.“ Ákvæði reglugerðarinnar kom til framkvæmda fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2021 og síðar. Í sinni einföldustu mynd hefur þetta í för með sér að í stað þess að færa rekstur, eignir og skuldir B hluta félaga Reykjavíkurborgar í heild sinni (þ.e. 100%) í samantekinn ársreikning skal þetta nú fært í ársreikninginn hlutfallslega eftir ábyrgð borgarinnar.

Reikningsskil Félagsbústaða hf. og samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar voru margsinnis til umfjöllunar á starfsárinu. Þau álitafni sem nefndin fjallaði um voru einkum mat og framsetning fjárfestingareigna í reikningsskilum Félagsbústaða hf. og framsetning samantekinna reikningsskila Reykjavíkurborgar. Álitafnið varðandi samantekinn ársreikning, einkum hvort heimilt væri að taka reikningsskil þeirra B hluta félaga sem beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum óbreytt í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar. Nefndin kynnti sér og fjallaði um álit reikningsskilaráðs nr. 1/2020 frá 3. júlí 2020 en efni þess er reikningshaldsleg meðferð fjárfestingareigna. Einnig kynnti nefndin sér og fjallaði um álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga í máli nr. 1/2020 frá október 2020: Reikningsskil samstæðu Reykjavíkurborgar og reikningsskil Félagsbústaða hf. Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga birti þann 19. mars 2021 á vef samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins tilkynningu varðandi

álit sitt frá október 2020. Í tilkynningunni segir m.a.: „Nefndinni er kunnugt um að innbyrðis ósamræmi er í löggjöf og reglum er lúta að reikningsskilum sveitarfélaga. Ýmist er vísað til samstæðureikningsskila eða samantekinna reikningsskila og því má segja að ekki liggi fyrir með afdráttarlausum hætti hvort sveitarfélög eigi að setja fram reikningsskil sín fyrir A-hluta og B-hluta miðað við reglur samstæðureikningsskila eða samantekinna reikningsskila. Nefndin hefur komið að endurskoðun fjármálahluta sveitarstjórnarlaga með það að markmiði að samræma ákvæði sveitarstjórnarlaga og reglugerðar nr.1212/2015.“ Síðan segir einnig: „Þar sem yfirferð er ekki lokið varðandi tillögugerð til samræmingar á hugtakanotkun í lögum og reglugerðum varðandi samantekin reikningsskil sveitarfélaga annars vegar og samstæðureikningsskil hins vegar, lítur nefndin svo á að sveitarfélög geti beitt sambærilegum reikningsskila- og matsaðferðum og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað.“

Á starfsárinu tók nefndin til umfjöllunar ýmsar úttektir og áætlanir innri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar og gekk frá umsögnum og bókunum vegna þeirra eins og nefndin mat að tilefni væru til.

Nefndin hefur gengið frá og afgreitt starfsskýrslur fyrir einstök B hluta félög þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum nefndarinnar varðandi viðkomandi félag.

## 9. NIÐURLAG

Með skýrslu þessari hefur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar gert grein fyrir störfum sínum á liðnu starfsári. Nefndin þakkar innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, sem hefur verið ritari nefndarinnar, starfsfólki Innri endurskoðunar og ráðgjafar, stjórnendum og öðrum sem nefndin hefur átt samskipti við fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

### Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Lárus Finnbogason, formaður

Einar Sveinn Hálfðánarson

Sigrún Guðmundsdóttir

Sunna Jóhannsdóttir